

BLÁHVER

Blað Sjálfstæðisfélags Hveragerðis • 1. tbl. • 14. árg. • 17. maí 2014



Pórhallur, Aldís, Unnur, Ninna og Eyþór skipa efstu sæti D-listans í Hveragerði.

Hveragerði er heimili okkar allra

Að reka sveitarfélag er á margan hátt ekki ólíkt því að reka stórt heimili. Þar býr fólk á öllum aldri og það þarf að sjá um að öllum líði vel, allir fái þá þjónustu sem þeir þarfnast og eiga rétt á og að hagsmuna þeirra sé gætt, bæði innan heimilisins og utan. Ekki eru allir eins en allir eiga rétt á að fá að njóta sín á sínum eigin forsendum og allir hafa eitthvað fram að færa til allra hinna.

Þau sem sjá um fjármál heimilisins þurfa að gæta þess að eyða ekki um efni fram, fara vel með peningana sem þeim er falið að sýsla með, vera nýtin og útsjónarsöm við framkvæmdir og alls ekki safna skuldum. Um leið þarf þeim að vera ljóst að stundum

borgar sig að hugsa stórt þegar horft er til framtíðar í fjárfestingum. Til að fólkinu á heimilinu líði vel þarf líka að huga að umhverfi þess, að það sé fallett og snyrtilegt, og gæta þess að unga kynslóðin læri að bera virðingu fyrir umhverfi sínu og ganga vel um það.

Sumir sækja vinnu utan heimilisins en aðrir vinna heima, allt eftir menntun og aðstæðum hvers og eins. Það er vel mögulegt vegna þess hve heimilið er vel staðsett. Það styrkir heimilið mjög og auðgar hversu auðvelt það er að sækja vinnu í allar áttir því það skapar enn frekari möguleika á fjölbreyttari samsetningu heimilisfólks. Annars væri hætt á því að einhver hluti hópsins þyrfti að flytja af heimilinu eða

sætta sig við atvinnu sem samræmist ekki menntun þess eða áhugasviði.

Fyrst og fremst er það þó hið sama sem gildir á þessu heimili eins og öðrum: þar þarf að standa vörð um stöðugleika, sátt og einingu. Það er grundvallarforsenda þess að öllum líði vel og við slíkar aðstæður er hægt að beina vinnukröftunum eingöngu að því að vinna fyrir heimilisfólkið og gæta hagsmuna þeirra.

Frambjóðendur D-listans hafa skýra framtíðarsýn og þá reynslu sem þarf til að stýra því góða heimili sem Hveragerðisbær er. Því er hægt að treysta.

Í fararbroddi í heilsutengdri starfsemi

Öflugar heilsu- og heilbrigðisstofnanir hafa löngum verið eitt aðal einkenni Hveragerðis sem þar með hefur víða orðið þekktur sem heilsuþétt. Hér eigum við framúrskarandi hjúkrunar- og dvalarheimili sem sinnt hefur eldri íbúum bæjarins þegar þeir hafa ekki lengur tök á að búa heima.

Það er mikill auður fyrir Hvergerðinga að íbúar hér hafi möguleika á að búa í heimabyggð eins lengi og þeir sjálfir kjósa. Meirihluti D-listans hefur barist ótullga fyrir fleiri hjúkrunarrýmum og átt í miklu og góðu samstarfi við Ás um þá vinnu. Samningur var gerður við Ás um rekstur dagdvalar fyrir eldri borgara og hefur sú þjónusta verið til fyrirmyndar og eldri íbúum til heilla.

Heilsustofnun HNLFI er eitt af flagg-



skipum Hvergerðinga í heilsutengdri þjónustu. Þar fer fram endurhæfing fyrir bæði líkama og sál. Heilsustofnun er þekkt fyrir að fara óhefðbundnar leiðir og mæta skjólstæðingum sínum með þekkingu, reynslu og faglegri nálgun. Endurhæfingameðferð HNLFI er með því besta sem þekktist. D-listinn er stoltur af starfsemi HNLFI og hefur lagt sitt lóð á vogaskálarnar til að tryggja áframhaldandi blómlegan rekstur stofnunarinnar.

Heilsugæslustöðin í Hveragerði er mikilvægur hlekkur í heilsuþéttum Hveragerði. Heilsugæslan er viðkomustaður allra íbúa og sinnir fólki allt æviskeiðið. Meirihluti D-listans hefur lagt sitt af mörkum við að styðja við rekstur heilsugæslunnar meðal annars

með samningi fyrir starfsfólk bæjarins um trúnaðarlækningar, heilsufarsmælingar, bólusetningar og fyrirlestra.

Öflug heilsugæsla er ein af megin stöðum góðs bæjarfélags, D-listinn mun alltaf standa vörð um heilsugæsluna með öllum tiltækum ráðum.

Íbúar geta treyst D-listanum til að standa vörð um heilsuþétt Hveragerði.

*Unnur Pormóðsdóttir
heilsugæsluhjúkrunarfræðingur
3. sæti D-listans*



Áfram öflugt íþróttastarf í Hveragerði

Með tilkomu Hamarshallarinnar á liðnu kjörtímabili hafa aðstæður til íþróttaiðkunar stórbætast í Hveragerði. Deildir innan íþróttafélagsins Hamars hafa með þessu getað fjölgað tímum til íþróttaiðkunar verulega frá því sem áður var.

Göngu- og hjólastígar hvetja til útivistar

Göngustígar bæjarins hafa verið bættir en mikilvægt er að halda áfram úrbótum á þeim og setja upp lýsingu þar sem henni er ábótavant. Að auki teljum við þörf vera á því að koma upp fleiri bekkjum meðfram mest nýttu göngustígnum.

Ráðist var í gerð heilsustígs og hefur æfingakerfi verið sett upp við hann, sem byggir á einföldum og áhrifaríkum æfingum sem henta öllum aldurshópum. Aðgengi að Hamarshöllinni er orðið mjög gott með tilkomu malbikaðra göngustíga og bætri lýsingu. Gaman væri síðan að útbúa sérstakan fjallahjólastíg í Hamrinum með þátttöku áhugasamra fjallahjólaíðkenda en fjallahjólaíðkun hefur aukist til muna í Hveragerði og nágrenni síðustu ár.

Þjónustusamningar tryggja rekstur

Bæjarstjórn Hveragerðis undir forystu D-listans hefur endurnýjað þjónustusamning við Íþróttafélagið Hamar fram til ársins 2016 sem tryggir starfsemi íþróttafélagsins og allra deilda þess. Einnig eru í gangi þjónustusamningar við nær öll önnur starfandi íþrótt- og tómstundafélög í Hveragerði.

Frístundastyrkir verði að veruleika

Við á D-listanum höfum það á stefnuskrá okkar að veita frístundastyrki til barna og ungmenna sem stuðla mun markvisst að þátttöku þeirra í íþrótt- og tómstundastarfi. Frístundastyrkurinn



kemur þannig til með að minnka útgjöld foreldra og gefur jafnframt möguleika á því að börn og ungmenni geti stundað fleiri íþróttir og/eða tómstundir.

Bætt aðstaða fimleikadeildar

Fimleikadeild Hamars hefur á kjörtímabilinu fengið fleiri æfingatíma með tilkomu Hamarshallarinnar. Hinsvegar teljum við þörf vera á því að bæta aðstöðu deildarinnar og viljum við skoða, með stjórnnum fimleikadeildar og íþróttafélagsins, hvar brýnasta þörfin er.

Ekið í Hamarshöll

Við munum áfram vinna að því markmiði að yngstu börnin ljúki skólastarfi og tómstundum á sama tíma og hefðbundnum vinnutíma foreldra lýkur. D-listinn mun

einnig halda áfram að bjóða upp á rútuferðir milli grunnskólans og Hamarshallarinnar í góðri samvinnu við íþróttafélagið Hamar.

Eflum íþróttir og tómstundir

Ljóst er af framangreindu að mikið og gott starf hefur verið unnið í íþróttamálum í Hveragerði á liðnu kjörtímabili. Stærsta einstaka framkvæmd tímabilsins var bygging Hamarshallarinnar. Verkefnið var risavaxið og varð að veruleika fyrir tilstuðlan bæjarfulltrúa og nefndarmanna D-listans. Við á D-listanum bjóðum okkur fram til þess að vinna áfram að bættu íþrótt- og tómstundastarfi í Hveragerði og óskum eftir stuðningi Hvergerðinga til þess í komandi sveitarstjórnarkosningum.

*Þórhallur Einisson
5. sæti D-listans í Hveragerði
Friðrik Sigurbjörnsson
6. sæti D-listans í Hveragerði*



Kosningaskrifstofa D-listans í leikhúsinu er opin virka daga kl. 20-22 og 13-18 um helgar



Viðburðir á næstunni !

Fimmtudagurinn 22. maí kl. 21:30

Pöbbaðu betur (e. Pub Quiz) á Kaffi Rós

Föstudagur 23. maí kl. 21:30

Pöbbaðu betur (e. Pub Quiz) – Ungir sjálfstæðismenn á Café Rose
Partý áður en haldið er á Vorfagnað Hljómlistarfélagins.

Laugardagur 24. maí kl. 15:00

StreetBall mót við grunnskólann fyrir alla aldurshópa. Spilað verður 3á3, glæsileg verðlaun í boði fyrir sigurvegarana. Grillaðar pylsur og fljótandi veigar í boði Asks að móti loknu. Skráning hjá Bjarna Rúnari í síma 820 3164 eða á staðnum.

Þriðjudagur 27. maí kl. 20

Framboðsfundur Útvarps Suðurlands á Hótel Ör.

Miðvikudagur 28. maí kl. 19:30

Konukvöld D-listans í Listasafni Árnesinga Sirry Arnardóttir „Lifðu til fulls – dekraðu við þig“.
Dansararnir Margrét Hörn og Alexander úr Ísland got talent, Freydis Prastardóttir tekur nokkur lög við undirleik Kristjáns Theódórssonar
Allar konur fá glæsilega gjöf og happdrættismiða þar sem vinningar eru einstaklega veglegir. Veitingar að hætti hússins og og allt ókeypis.

Fimmtudagur 29. maí kl. 14

Fjölskylduhátíð D-listans

Verður á planinu við leikfélagshúsið á uppstigningardag. Hoppukastalar og blöðrumaðurinn verður á staðnum. Grillaðar pylsur og gos, ískrap og kaffi og kökur fyrir þá sem það vilja.

Fimmtudagur 29. maí kl. 21:30

Pöbbaðu betur (e. Pub Quiz) – Ungir sjálfstæðismenn á Café Rose

Föstudagurinn 30. maí kl. 22:00

Risa dansleikur með Ingó veðurguð á Kefé Rose - Að sjálfsögðu er frítt inn á alla viðburði Ungra!

Laugardagur 31. maí

Kosningadaginn sjálfan byrjum við með morgunmat á kosningaskrifstofunni kl. 9:00, skiptum svo yfir í hádegissnarl og síðdegis tekur við glæsilegt kökuhlaðborð. Förum og kjósum og komum svo í kaffi.

Minum á að kosningaskrifstofan er opin alla virka daga milli kl. 20-22 og um helgar frá 13-18. Frambjóðendur eru alltaf á staðnum.

Metnaðarfullt leikskólastarf

Foreldrar þekja það vel af eigin reynslu hversu mikilvægt það er að geta gengið að öruggri og góðri vistun fyrir börn sín að loknu fæðingarorlofi. Nú stend ég sjálf í þeim sporum að eiga von á mínu fjórða barni í haust. Það er mér því sérstakt metnaðarmál að D-listinn tefli fram bæði metnaðarfullri og raunsæri áætlun um enn frekari uppbyggingu leikskólastigsins í Hveragerði. Eins og flestir vita er leikskólinn fyrsta skólastigið og sífellt kemur betur í ljós hversu mikilvæg fyrstu árin eru í lífi barna. Fjárfesting í yngstu börnunum er því fjárfesting til framtíðar. D-listinn vill bæði beita sér fyrir öflugu skólastarfi í Hveragerði og góðri þjónustu



við fjölskyldufolk og þess vegna er það á stefnuskrá D-listans að gera enn betur í þessum málaflokki. Með fjölgun yngstu barnanna í bænum er því nauðsynlegt að skoða valkosti sem tryggt geti að börn komist í leikskóla frá 12 mánaða aldri. Það er sannarlega metnaðarfullt markmið en líka raunhæft sem gera má ráð fyrir að náist á fyrri hluta kjörtímabilsins. Þá verður einnig kannað hvort vilji sé til að bjóða upp á þann valkost að börn geti hafið nám í grunnskóla við 5 ára aldur. Nýr leikskóli mun verða byggður um leið og þörf krefur, og kannaðir verða möguleikar á samstarfi við einkaaðila um nýtt rekstrarform.

hætta ekki fyrir en á sumarmánuðum. Þá mánuði sem börn hafa verið á biðlista eftir leikskólalássi eftir 18 mánaða aldur hafa foreldrar fengið niðurgreiddan kostnað við vistun hjá dagmæðrum þannig að sama upphæð er greidd fyrir pláss hjá dagmóður og á leikskóla. Nú liggur fyrir að öll börn sem verða 18 mánaða í haust fá pláss á leikskólum bæjarins og er það fagnaðarefni.

Hlúum að innra starfi leikskólanna

Mesti auður hvers leikskóla er að sjálfsögðu starfsfólkið. Því verða starfsmenn leikskóla hvattir til að afla sér menntunar á því sviði og áfram verða þeir styrktir til fjarnáms í leikskólakennarafræðum.

Þá á einnig að setja upp þráðlaust net í leikskólum bæjarins sem býður upp á ýmsa möguleika.

Framtíðin er björt í Hveragerði. Setjum x við D og tryggjum áframhaldandi metnaðarfulla uppbyggingu leikskólastarfs í Hveragerði.

Ninna Sif Svavarsdóttir

1. sæti D-listans í Hveragerði.

Ekkert barn á biðlista í haust

Fyrir síðustu kosningar lofuðu bæjarfulltrúar D-listans því að börn í Hveragerði myndu komast inn á leikskóla 18 mánaða. Við það loforð hefur verið staðið. Þó hefur það gerst að börn sem verða 18 mánaða að vori hafa þurft að biða örlítið lengur eftir pláss þar sem leikskólarnir eru eðlilega fullsetnir yfir veturinn og elstu börnin



„Í gróðursælu og fallegu umhverfi“

Útsendara Bláhvers langaði að vita aðeins meira um Þórhall Einisson sem skipar 5. sæti D-listans hér í Hveragerði fyrir sveitarstjórnarkosningarnar í vor.

Það er hefðbundið að spyrja um uppruna og fjölskylduhagi og því hefjum við leikinn þar:

Foreldrar mínir kynntust á Höfn í Hornafirði og þar er ég fæddur. Móðir mín er þaðan en faðir minn frá Vestmannaeyjum. Á Höfn bjó ég til sex ára aldurs en þá fluttum við til Vestmannaeyja þar sem ég bjó þangað til ég fór í Tölvuháskóla Verzlunarskóla Íslands í Reykjavík, tvítugur að aldri.

Foreldrar mínir eru Sigríður Friðrikka Þórhallsdóttir, kölluð Sigga Rikka, búsett í Hveragerði í dag og Einir Ingólfsson sem búsettur er í Reykjavík. Ég er elstur af 5 systkinum en yngri systkini mín eru Elena, Einir, Sigurður og Ingólfur.

Ég er kvæntur Hrund Guðmundsdóttur, grafískum hönnuði og saman eigum við Úlf (6 ára) og Írisi (8 mánaða). Einnig búa á heimilinu 2 kettir (Gosi og Ponsa), 2 hænur (Jörp og Ballerína) og haninn Grettir II.

En hvað með nám og fyrri störf?

Ég útskrifaðist af viðskiptabraut Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum og fór síðan í kerfisfræði í TVÍ (nú Háskólinn í Reykjavík). Síðan hef ég haldið mér við með fjölda námskeiða á sviði hugbúnaðarframleiðslu og starfa sem sjálfstætt starfandi hugbúnaðararkitekt í dag.

Ég hef unnið víða, fyrsta starfið (fyrir utan vinnuskóla) var við humarvinnslu hjá Vinnslustöðinni í Vestmannaeyjum. Ég vann hér um bil öll störf sem tengdust fiskvinnslu í landi næstu árin með skólagöngu. Var síðan sundlaugarvörður eitt sumar en fyrsta vinna mín að loknum framhaldsskóla var þegar ég var ráðinn blaðamaður á því merka blaði Eyjafréttir í Vestmannaeyjum. Á Fréttum var stöðugur gestagangur og kaffistofan ávallt lifleg. Man ég eftir mörgum skemmtilegum rökræðum sem ég tók þátt í þar, ræðandi hitamál líðandi stundar og alltaf skildu menn sáttir þrátt fyrir málefnalegan ágreining og þau stóru orð sem fengu að fjúka þar. Fyrsta starfið eftir háskóla var hjá Tæknival.

Það er Tæknival að þakka að ég á svona góða konu í dag því henni kynntist ég í Tennis- og Badmintonfélagi Reykjavíkur þar sem Tæknival var með fyrirtækjatíma. Þar spilaði Hrund í tíma á undan mínum og var ég farinn að mæta mikið fyrir en þurfti til að fylgjast með henni á badmintonvelli áður en minn tími byrjaði. Á okkar fyrsta



stefnumóti skoraði ég á hana í badminton og tapaði þrátt fyrir að hún spilaði á sokkunum! Við hófum sambúð fljótlega og fluttum til London árið 2001. Ég hafði þá fengið vinnu hjá íslensku fyrirtæki í útrás og tveimur árum síðar fór ég að vinna sjálfstætt fyrir stærstu fjárfestingarbanka og vogunarsjóði Bretlands við hugbúnaðargerð. Þessi ár voru ótrúlega lærdómsrík, ég byrjaði hjá Merrill Lynch fjárfestingarbankanum 2003 og tók svo síðar að mér verkefni fyrir Bank of America. Verkefni voru risavaxin og ótrúlega krefjandi. Hjá Merrill Lynch stýrði ég til dæmis smíði á hugbúnaði sem verslaði með hlutabréf í rauntíma í þremur heimsálfum og velti fleiri tugum milljarða á hverjum degi. Árin okkar í London voru æðisleg og er hreint ómetanlegt að hafa fengið að kynna slíkri stórborg með öllum sínum fjölbreytileika.

En hvers vegna Hveragerði?

Litlu munaði að við settumst að í London fyrir fullt og allt en 2. janúar 2008 fæddist Úlfur sonur okkar á spítala í London, 8

vikum fyrir tímann. Hrund, konan mín, hafði þá verið lögð inn á gjörgæslu með blóðeitrun (septic shock) og þurfti að ná í Úlf með keisaraskurði til þess að hægt væri að gefa henni lyf og bjarga þar með lífi hennar. Hann fæddist fullkomlega heilbrigður og þurfti aðeins að fara í súrefniskassa fyrstu tvo dagana meðan lungun voru að ná fullum þroska. Konan mín var hinsvegar hætt komin og voru erfiðir dagar hjá henni fyrstu vikuna en fljótt náði hún þó fullum bata. Fljótlega eftir þetta atvik fór hugur okkar að leita heim til Íslands. Góður vinur okkar sem á rætur sínar í Hveragerði benti okkur á húsið í Laufskógunum. Nokkrum dögum síðar vorum við búin að kaupa það án þess að hafa séð það sjálf og fluttum við svo hingað í ágúst 2008. Ég hélt þó áfram að vinna í London og voru ferðirnar tíðar milli Hveragerðis og London allt þar til 2011 þegar ég hætti afskiptum í London og flutti alfarið heim. Í dag er ég sjálfstætt starfandi og vinn m.a. mikið fyrir Borgun hf. við að smíða hugbúnað fyrir kreditkortakerfin þeirra.

Og hvernig skyldi nú

fjölskyldunni líka í Hveragerði?

Okkur fjölskyldunni líkar ákaflega vel hér í Hveragerði. Við sóttumst eftir því þegar við bjuggum erlendis að búa í úthverfum London og alltaf viljað vera þar sem gróðursælt er og fallegt umhverfi. Við komum með gróðurhús með okkur frá London og erum með stóran garð sem við elskum að hlúa að og gera betri með hverju árinu sem líður.

En hvers vegna ákvaðstu að taka þátt í sveitarstjórnarmálum?

Ég hef brennandi áhuga á því að gera Hveragerði að enn betri bæ og vinna að málefnum Hvergerðinga allra til að þeim líði vel í sínum heimabæ. Ég tel að reynsla mín af félagsstörfum og úr atvinnulífinu geri mig að góðum fulltrúa og ég er tilbúinn að vinna ótullega til að tryggja það að vel verði unnið úr tækifærum Hvergerðinga til framtíðar.

Ég vil leggja áherslu á það að Hveragerði skapi sér enn meiri sérstöðu sem laði til sín fyrirtæki, ferðamenn og fjölbreyttan hóp íbúa svo eftir verði tekið. Með samstilltu átaki má lyfta grettistaki í þessum málum og þar mun ég ekki láta mitt eftir liggja.